

Til allra sveitarfélaga á Íslandi

Hafnarfirði, 26. mars 2020

Tilvísun: 2003619

Efni: Veirusjúkdómur í kaninum

Vegna veirusjúkdóms sem upp er kominn í kaninum í Reykjavík er nauðsynlegt að sveitarfélög á öllu landinu séu vakandi yfir heilbrigði kanína á stöðum þar sem er þekkt að kanínur haldi sig.

Samkvæmt 7. gr. um hjálparskyldu í lögum nr. 55/2013 um velferð dýra, skal koma dýri til hjálpar þegar það er sjúkt. Sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að gripið sé til þessara aðgerða sé um villt eða hálfvilt dýr að ræða. Hálfvilt dýr eru dýr sem ekki eru merkt í samræmi við 22. gr. laganna og ganga laus. Sveitarfélag ber allan kostnað sem stofnað er til vegna þessa þegar um er að ræða hálfvilt dýr.

Þar sem engin lækning er til við sjúkdómnum ber að aflífa veikar kanínur sem allra fyrst. Þess vegna er nauðsyn á minnst daglegu eftirliti á þeim stöðum þar sem kanínur halda sig, á meðan faraldurinn gengur yfir. Fanga þarf þær kanínur sem eru veikar og annaðhvort færa þær til aflífunar hjá dýralækni eða kalla hann til á staðinn til aflífunar, sem gæti verið heppilegra m.t.t. smitvarna.

Í reglugerð nr. 80/2016 er m.a. fjallað um velferð kanína. Dýralæknum er einum heimilt að aflífa gæludýr, nema í neyðartilfellum þegar fullreynt er að ekki næst í dýralækni og ætla má að sjúkdómur dýrs eða meiðsl valdi dýrinu óbærilegum kvölum eða séu banvæn.

Hræ af kaninum eru skilgreind sem sóttmengaður úrgangur. Því ber að farga/eyða hræjunum sem slíkum.

Ef aðilar leita eftir því við sveitarfélög að fá að fanga hálfviltar kanínur sem virðast vera frískar, í því skyni að koma þeim til hjálpar, getur sveitarfélagið gert samning um það við viðkomandi aðila skv. 24. gr. laga nr. 55/2013.

Í samningi þarf að koma fram:

- Skylt er að lesa af einstaklingsmerkjum og hafa upp á umráðamanni ef hann er skráður.
- Ómerkt dýr er hægt að afhenda nýjum eiganda strax, en eignarhald tekur ekki gildi fyrr en eftir tvo sólarhringa.
- Nýir eigendur/umráðamenn dýranna þurfa að uppfylla ákvæði laga nr. 55/2013 og reglugerðar nr. 80/2016 um velferð gæludýra, meðal annars um merkingar og skráningar (22. gr. laganna), skjól, fæði og umönnun.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum, vinsamlegast sendið fyrirspurn á mast@mast.is.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar



Með kveðju, / Best regards,
Þóra Jónhanna Jónasdóttir, DVM, PhD

Dýralæknir gæludýra og dýravelferðar / Veterinary Officer for Pet Diseases and Animal welfare
Heilbrigði og velferð dýra / Office of Animal Health and Welfare



Matvælastofnun / Icelandic Food And Veterinary Authority
Austurvegi 64 – 800 Selfoss – Iceland
Sími/tel: (+354) 530 4800 - Fax : (+354) 530 4801 - www.mast.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026